

18. fundur velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni miðvikudaginn 6. október 2010 og hófst kl. 17:00. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Unnur Kjartansdóttir Eyvindur Bjarnason, Birkir Sveinsson, Harpa Björnsdóttir, og María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

1. Barnaverndarmál

1 mál færð í trúnaðarmálabók

2. Félagsþjónustumál

2 mál færð í trúnaðarmálabók

3. Lagt fram bréf frá Búmönnum þar sem óskað er eftir samstarfi við Hveragerðisbæ um lausar íbúðir Búanna að Smyrlaheiði.

Í bréfinu kemur fram að Búmenn ætli að ljúka síðasta áfanga á byggingu raðhúsa við Smyrlaheiði. Um er að ræða 17 íbúðir sem áætlað er að ljúka næstu áramót. Búmenn vilja kanna möguleika á því að Hveragerðisbær kaupi búseturétt í þessum íbúðum að upphæð kr. 3 milljónir pr. íbúð. Um er að ræða 3ja herb. 97 fm íbúðir sem gætu hentað vel fyrir hreyfihamlaða.

Samkvæmt biðlista eftir félagslegu leiguhúsnaði/sérstökum húsaleigubótum þá er minnsta eftirspurnin eftir 3ja herbergja íbúðum. Engin umsókn liggur fyrir hjá einstaklingi með takmarkaða hreyfigetu eins og er. Á biðlista eftir félagslegu húsnaðisúrræði eru 6 fjölskyldur og af þeim er 1 fjölskylda á biðlista eftir 3ja herbergja íbúð. Að svo stöddu telur nefndin ekki þörf á að Hveragerðisbær tryggi sér búseturétt í þessum íbúðum.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18.30

Unnur Þormóðsdóttir

Unnur Kjartansdóttir

Eyvindur Bjarnason

Birkir Sveinsson

Harpa Björnsdóttir

María Kristjánsdóttir

